

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016,**  
**Kauptún í Urriðaholti.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. desember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 frá 12. júlí 2006.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Áætlað byggingarmagn í Kauptúni eykst úr 40.000-50.000 m<sup>2</sup> í 61.200 m<sup>2</sup>.
2. Áætlað byggingarmagn í „blandaðri byggð“ í Urriðaholti minnkar úr 65.000 m<sup>2</sup> í 53.800 m<sup>2</sup>.
3. Nýtingarhlutfall í Kauptúni eykst úr 0,19 í 0,23.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 19. desember 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*